

Bjarni Reykjálín
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarna
650 Laugar




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík 20. apríl 2015
UST201503-144/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulagsbreyting - Björk í Mývatnssveit. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps dags. 16. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að breytingu á deiliskipulagi. Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir hvernig staðið verði að frárennsli vegna aukinnar starfsemi á deiliskipulagssvæðinu í ljósi þess mikla lífræna álags sem nú er á Mývatni. Einnig telur Umhverfisstofnun að skipulagsyfirvöld í Skútustaðahreppi ættu að huga betur að ásýnd svæðisins við Þjóðveg 860 og Hringveg 1 þar sem nokkuð víða má sjá bíla og ýmis tæki við vegina sem lítil prýði er að. Í þessu sambandi mætti kanna hvort unnt sé að koma bílastæði við Björk betur fyrir innan deiliskipulagssvæðis í stað þess að staðsetja það næst Þjóðvegi. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda deiliskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri